

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	0-0
	K/S 4.5.17
Ábm.	Svfr.
Afgr.)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Reykjavík, 28. apríl 2017

Efni: Leiðbeiningaritið „Algild hönnun utandyra“

Meðfylgjandi er leiðbeiningarit sem málefnahópur Öryrkjabandalag Íslands um aðgengi gaf út nýverið.

Leiðbeiningaritinu er ætlað að veita skipulags- og byggingarfulltrúum, arkitektum, verkfræðingum og öðrum sem vinna að umgjörð og útfærslu á skipulagi í almenningsrými utandyra aukna innsýn í aðgengisþarfir fatlaðs fólks.

Ritið útskýrir ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012 með tilliti til algildrar hönnunar og leggur til lausnir sem eiga að auka aðgengi fyrir alla.

Von okkar er að leiðbeiningaritið verði ávallt notað sem leiðarljós við gerð almenningsrýmis utandyra.

Vinsamlega kynnið leiðbeiningaritið fyrir þeim aðilum innan sveitarfélagsins sem koma að slíkri skipulagningu. Hægt er að óska eftir að fá sent fleiri eintök af ritinu.

Leiðbeiningaritið er einnig hægt að sækja á heimasíðu Öryrkjabandalags Íslands á <http://www.obi.is/is/utgafa/leidbeiningarrit-um-algilda-honnun-i-almenningsrymi>, bæði í heild sinni og hvern kafla fyrir sig.

Virðingarfyllst,

f.h. málefnahóps ÖBÍ um aðgengi

Stefán Vilbergsson

verkefnastjóri